

Námsáætlun 2016-2017

Námsgrein: Hönnun og smíði – hringekja - 6. bekkur

Áfangalýsing

Lýsing frá kennara:

Meginmarkmið í hönnun og smíði er að vekja og efla áhuga nemenda á handverki og verkgreinum og að þeir fái tækifæri til að þroska með sér verkfærni og verkunnáttu og vera skapandi í starfi. Nemendur fá að vinna með fjölbreytt efni s.s. smíðavið, málma, plast og leður. Samhliða því er unnið með grunnþætti í almennri menntun s.s. að nemendur verði læsir og gagnrýnir á umhverfi sitt, temji sér vinnusemi, góða umgengni og beri virðingu fyrir sínum verkum og annarra. Smíðin er því góður undirbúningur fyrir lífið og á að stuðla að færni til frekara náms.

Nemendur í 6. bekk eru í hringekju 6 tíma á viku í myndmennt, textilmennt, heimilisfræði og hönnun og smíðum, hver hópur u.þ.b. 9 vikur á hverjum stað. Kennsluáætlunin endurtekur sig fyrir alla hópa á u.þ.b. 9 vikna fresti yfir veturinn fyrir alla hópa.

Fyrsta lota er frá 22. ágúst – 30. Október 2016

Þriðja lota er frá 16. janúar – 20. mars 2017

Önnur lota er frá 31. október – 15. Janúar 2017

Fjórdða lota er frá 21. mars – 2. Júní 2017

Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Ágúst	Að útbúa nytjahlut sem allir hafa not fyrir og skreyta hann við hæfi með brennipenna. Að nemendur þjálfist í að nota tifsög. Að nemendur læri að vinna með viðarolíu og sjái hvernig viðurinn drekkur mismikið í sig.	Brauðbretti (skurðarbretti)úr birki furu eða greni.	Hanna, teikna og saga í tifsög . Næst er að laga kanta og brúnir með raspi, þjöl og sandpappír og færa skrautmynstur á brettið og nota brennipenna þar sem það á við. Viðarolía fyrir matarílát er borin á í lokin.	Nemendur fá allir u.þ.b. 25cm langan og 20 cm breiðan efnisbút og hafa val um útfærslu á brauðbrettinu innan þeirra marka. Viðarolía.
September	Að nemendur geti nýtt sér og notað þann grunn sem þeir hafa til að skapa og	Brauðbretti. Myndarammi. Skál úr birki, furu eða greni.	Góður viðarbútur er valinn og ákveðið hvaða hlið á að snúa niður og hvað á að höggva.	Fura. Birki. MDF plötur.

	útbúa hluti sem þeir hafa áhuga á eða þörf fyrir. Að nemendur læri að nota holjárn og læri að varast allar þær hættur sem því fylgja.	Frjáls verkefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda s.s. lítil viðarbox, borðspil eða mósaík.	Gæta þarf að því að fara eftir þeim fyrirmælum sem sett eru í upphafi hvernig nota á holjárn og viðeigandi hlífðarbúnað.	Málning, lakk og viðarolía.
Október	Að nemendur geti nýtt sér og notað þann grunn sem þeir hafa til að skapa og útbúa hluti sem þeir hafa áhuga á eða þörf fyrir.	Frjáls verkefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda s.s. lítil viðarbox, borðspil eða mósaík.	Verklýsing er sérstök fyrir hvert verkefni sem nemendur gera. Það má gera ráð fyrir að allir þurfi að teikna, saga, pússa og mála eða lakka.	Ýmis efni s.s. tré, plast, málmar o.fl.
Nóvember				
Desember				

Námsmat

Námsmat eftir nýrri aðalnámskrá fyrir hönnun og smíði er enn í vinnslu.

Kennsluhættir

Algengast er þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er utekin fyrir, þá sé sýnikennsla notuð. Verklegr æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfa nemendur í að beita verfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn eftir þörfum.

Kennari, netfang

Gunnlaugur Jóhannsson, gulli@akmennt.is

